

Mál nr. 367/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/A

og

Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur Þorsteinsgötu Borgarbyggð þann 23.10. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.11. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 06.12. 2010.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.12. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður bifhjólsins B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum eða meirihluta sakar.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A eigi að bera 2/3 hluta sakar þar sem hann ekur inn á Þorsteinsgötu af bifreiðastæði í veg fyrir B sem ekið var eftir Þorsteinsgötu. Ökumaður B ætti að bera 1/3 hluta sakar þar sem hann ekur vinstra megin við miðlínu miðað við aksturstefnu.

M telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum sbr. umfjöllun í málskotinu.

Álit

Áreksturinn varð skammt frá sundlaug á móts við Þorsteinsgötu þar sem hjáleíð var vegna vegaframkvæmda. Bifreiðinni A var ekið út af bílastæði í veg fyrir bifhjólið B sem ekið var á röngum vegarhelmingi til að þurfa ekki að fara yfir hraðahindrun á götunni. Hér var um ámælisvert aksturslag ökumanns B að ræða.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B meginábyrgð á árekstrinum þ.e. 2/3 hluta fyrir að aka á röngum vegarhelmingi en rétt þykir að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar þar sem hann átti að víkja fyrir umferð um Þorsteinsgötu.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 30. desember 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.